

Umsögn Sambands Íslenskra sparisjóða

um frumvarp til laga um tekjuaðgerðir frumvarps til fjárlaga fyrir árið 2014, V. kafli.

Varðandi aðra kafli frumvarpsins vísast til umsagnar SFF.

Samband Íslenskra sparisjóða mótmælir þeim áformum sem fram koma í frumvarpinu varðandi breytingar á lögum nr 155/2010 um að hækka gjaldhlutfall sérstaks skatts á fjármálafyrirtæki úr 0,041% í 0,145%. Þetta mun leiða til að sérstakur skattur á sparisjóði landsins hækkar úr nálægt 21 miljónir kr. í nær 75 miljónir kr.

Við ákvörðun skattsins verður að hafa í huga að skatturinn er í raun kominn til vegna falls bankanna og geta viðskiptabankanna þriggja til að greiða skattinn byggist m.a. á því að þeir fengu lánasöfn föllnu bankanna mjög niðurfærð. Lánasöfn þeirra hafa reynst verðmeiri en talið var, sem á stóran þátt í góðri afkomu þeirra undanfarin ár. Þeir sparisjóðir sem lifðu hrunið fengu hins vega enga slíka forgjöf og hefur rekstur þeirra því verið þyngri en stóru bankanna undanfarin ár.

Í athugasemdum með frumvarpinu segir: „Meðal markmiða bankaskatts er að afla tekna til að standa straum af þeim kostnaði sem fellur til við að skapa aðstæður fyrir fjármálalegan stöðugleika sem er mikilvægur liður í því að tryggja stöðugt umhverfi á íslenskum fjármálamarkaði til frambúðar. Rétt þykir að þau fyrirtæki sem skapa hvað mesta kerfislæga áhættu í krafti stærðar sinnar greiði hluta þess kostnaðar.“

Þeim sjónarmiðum sem þarna koma fram er ekki mótmælt, en bent á að það eru ekki sparisjóðirnir sem allir eru smáir og með takmarkaðar starfsheimildir; „sem skapa hvað mesta kerfislæga áhættu í krafti stærðar sinnar.“ Sparisjóðirnir ættu því eðli málsins samkvæmt að vera undanþegnir sérstökum skatti á fjármálafyrirtæki, eða a.m.k. áformaðri hækkun skattsins.

Sérstaða sparisjóða hefur verið mörkuð með umfjöllun í lögum um fjármálafyrirtæki nr. 161/2002 en VIII.kafli laganna fjallar um sparisjóði. Sérstaða sparisjóða kemur víðar fram í lögnum og 4. grein laganna er svohljóðandi:

4. gr. Tegundir starfsleyfa.

Fjármálafyrirtæki getur fengið starfsleyfi sem:

1. Viðskiptabanki skv. 1.–6. tölul. 1. mgr. 3. gr. Viðskiptabanki skal þó ætíð hafa starfsleyfi og veita þjónustu skv. 1. og 2. tölul. 1. mgr. 3. gr.

2. [Sparisjóður skv. 1.–6. tölul. 1. mgr. 3. gr. Sparisjóður sem starfar á afmörkuðu, staðbundnu starfssvæði skv. 3. mgr. 14. gr. getur fengið starfsleyfi skv. 1., 2. og 5. tölul. 1. mgr. 3. gr. Sparisjóður skal þó ætíð hafa starfsleyfi og veita þjónustu skv. 1. og 2. tölul. 1. mgr. 3. gr.]¹⁾

3. Lánafyrirtæki skv. b-lið 1. tölul. og 2.–6. tölul. 1. mgr. 3. gr. Lánafyrirtæki skal ætíð hafa starfsleyfi

skv. b-lið 1. tölul. og 2. tölul. 1. mgr. 3. gr. Lánafyrirtæki hefur heimild til að kalla sig fjárfestingarbanka.

Sparisjóðir sem velja að starfa á afmörkuðu staðbundnu starfssvæði með takmarkað starfsleyfi og veita þjónustu í samræmi við það skulu einungis sinna eftirfarandi þáttum:

1. tölul. „Móttaka endurgreiðanlegra fjármuna frá almenningi:

a. Innlán.

b. Skuldaviðurkenningar.“

2. Tölul. „Veiting útlána sem fjármögnuð eru með endurgreiðanlegum fjármunum frá almenningi.“

5. tölul. Starfa sem rafeyrisfyrirtæki samkvæmt lögum nr. 17/2013.

Þeir sparisjóðir sem valið hafa takmarkaðar starfsheimildir eru eðli máls samkvæmt með einfaldari og áhættuminni rekstur er stærri fjármálafyrirtæki sem sinna öllum lögbundnum starfsheimildum.


Því er lagt til að sparisjóðirnir sem starfa með þeim takmörkuðu starfsheimildum sem lög heimila verði undanþeginn fjársýsluskatti eða a.m.k. boðaðri hækkun hans.

Til vara skal bent á að í nokkrum nágrennalöndum er ákveðið frímark á gjaldstofni bankaskatts. Þannig er skatthlutfallið í Þýskalandi 0,02% á lánafyrirtæki sem eru með minni heildarskuldir en 10 milljarðar Evra og hækkar línulega í 0,4% þegar heildarskuldir hafa náð 100 milljörðum Evra. Í Bretlandi er skatthlutfallið 0,0375% en lánafyrirtæki sem eru með minni heildarskuldir en 20 milljarðar punda eru undanþeginn skattskyldu.

Slíkt frímark t.d. 3.000.000.000 kr. myndi léttu veruleg byrði sparisjóðanna af bankaskatti og næst þannig markmið laganna um „hliðrun á skattbyrði frá smærri fyrirtækjum til þeirra stærri“

Hrísun 24. október 2013

F.h.Sambands íslenskra sparisjóða



Ari Teitsson stjórnarformaður